

Mánudaginn 20. júní 1960.

Nr. 185/1959. **Dagbjartur Geir Guðmundsson**

(Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

Hannesí Berg (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaunakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði var lögð fram skipshafnarskrá v/b Nönnu, GK 504, staðfest af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 27. febrúar 1958. Sýnir hún, að stefndi hefur þann dag ráðizt í skiprúm á v/b Nönnu, og skyldu um ráðningu hans gilda „Vestmannaeyjakjör“. Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda meðal annars um eftirstöðvar af andvirði aflahlutar frá greindri vertíð. Eru aðiljar ósammála um verðlagningu á fiski þeim, sem kom í hlut stefnda. Var því nauðsynlegt vegna fyrirmæla skipshafnarskrár um ráðningarkjör, að aflað væri vitneskju um verð það, sem hásetum á vélbátum var goldið í Vestmannaeyjum fyrir afla sinn á vetrarvertíð 1958, en um það hafa ekki komið fram gögn í héraði.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi án gildra ástæðna gengið úr skiprúmi hinn 12. apríl 1958. Af þeim sökum telur hann sig hafa öðlazzt skaðabótakröfu á hendur stefnda. Skaðabótakrafa þessi er vanreifuð.

Þar sem upplýsingar brast um atriði, sem máli skiptu, hefði héraðsdómi verið rétt samkvæmt 120. gr. laga nr.

85/1936 að veita aðiljum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa málinu frá dómi, ef hann taldi það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málflutnings, og er greinargerð um málsatvik í forsendum hins áfrýjaða dóms mjög áfátt og rökstuðningur fyrir niðurstöðum ófullkominn. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. júlí 1959.

Ár 1959, laugardaginn 25. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Guðmundi Sigurjónssyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 13. júní 1958, af Hannesi Berg, sjómanni í Hafnarfirði, gegn Dagbjarti Geir Guðmundssyni, Köldukinn 16, hér, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 17.277.70 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að frá stefnukröfunni skyldu dragast greiddir peningar og úttekt, kr. 7435.00, og fæði, kr. 1918.80, alls kr. 9453.80 (sic), og verður þá endanleg dómkrafa kr. 6392.90 (sic) auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara stórlegrar lækkunar á kröfunum og að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þeir, að þann 5. marz s.l. réðst stefnandi há-

seti á v/b Nönnu, GK 504, frá Hafnarfirði til handfæraveiða, og telur stefnandi, að aflahlutur hans hafi numið til 9. apríl s.l. kr. 15.946.75, en auk þess hafi hann unnið að standsetningu bátsins og undirbúningi hans fyrir vetrarvertíðina og kaup hans hafi numið fyrir það verk kr. 1431.00.

Í málinu er ágreiningur milli aðilja um það, hvaða verð skuli leggja til grundvallar við útreikning aflahlutar. Hefur stefnandi viljað miða við sama verð og greitt hefur verið á Reykjanesi og Snæfellsnesi, og féllst dómurinn á það.

Þá hefur stefndi haldið fram, að stefnandi hafi unnið færri daga en hann reiknar sér. Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir vinnu, og verður það að teljast fullnægjandi upplýsingar gegn almennum mótmælum stefnda.

Þá hefur stefndi haldið fram, að stefnandi hafi hlaupið úr skiprúmi fyrirvaralaust, stoppað með því reksturinn og valdið stefnanda miklu fétjóni á þann hátt.

Stefnandi hefur mótmælt að hafa bakað stefnda tjón með því að hlaupa úr skiprúmi, og þar sem stefndi ekki hefur lagt fram fullnægjandi gögn fyrir því, verða þær bótakröfur ekki teknar til greina.

Með vísun til framanritaðs ber því að taka kröfur stefnanda til greina, eins og þær liggja fyrir í munnlegum flutningi hans.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1500.00.

Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Dagbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Hannesi Berg, kr. 6392.00 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnað með kr. 1500.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
